

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 93/2012

2013/EES/16/09

frá 3. febrúar 2012

um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866) sem fóðurukefni fyrir allar
dýrategundir (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVROPUSAMBANDSINS
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾,
einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðurukefni fyrir svin, nautgripi, sauðfé, geitur og hesta.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 11. október 2011 ⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði

hafi *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og blandan geti mögulega bætt framleiðslu á votfóðri úr öllum fóðurjurtum með því að lækka sýrustig og auka geymsluþol þurrefna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðurukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Til að tryggja samkvæmni þykir rétt að rýmka samþykki fyrir þessu aukefni frá því að það taki til svína, nautgripa, sauðfjár, geita og hesta þannig að það taki til allra dýrategunda, í samræmi við fyrri leyfi fyrir svipuð aukefni.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 33, 4.2.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2011) 9(11), bls. 2408.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald		Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Lágmarks- innihald	Þyppingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í voffóður										
1K20812	—	<i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 8862 og DSM 8866)	<p>Samsetning aukefnis:</p> <p>Blanda af <i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 8862 og DSM 8866) sem inniheldur að lágmarki 3×10^{11} CFU/g aukefnis (hlutfall 1:1)</p> <p>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</p> <p><i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 8862 og DSM 8866)</p> <p>Greiningaraðferð⁽¹⁾:</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fódurauk-efninu með dreifingaraðferð (EN 15787)</p> <p>Samngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)</p>	Allar dýra- tegundir	—	—	—	—	<p>1. Í notkunarlöbningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol.</p> <p>2. Lágmarksskammtur aukefnisins ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í voffóður: 3×10^8 CFU/kg (hlutfall 1:1) fersks efnis.</p> <p>3. Vardandi öryggi: Mælt er með að nota öndunaryörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.</p>	24. febrúar 2022

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrámsóknarstofu Bandalagsins: [http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURL_s/EURL_s/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx](http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURL_s/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)